

KJARASAMNINGUR

milli

Starfsgreinasambands Íslands (SGS) annars vegar (annarra en Flóabandalagsins: Eflingar – stéttarfélags,
Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur)

og

NPA miðstöðvarinnar hins vegar

1. gr.

Samningur þessi kemur til viðbótar kjarasamningi aðila frá 30. nóvember 2013 og tekur mið af breytingum sem gerðar voru á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru 21. desember 2013 ásamt sáttatillögu ríkissáttasemjara frá 20. febrúar 2014.

Aðfarasamningur:

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamnings aðila, sbr. aðfarasamning SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 21. desember 2013.

2. gr.

Eingreiðsla:

Greidd skal eingreiðsla kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi þann 1. febrúar 2014.

Almenn kauphækkun:

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu, miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% frá sama tíma.

Sérstök hækkun kauptaxta:

Launaflokkar í kjarasamningum hækka sérstaklega, sbr. fylgiskjal 1 með kjarasamningnum. Kauptaxtar gilda frá 1. febrúar 2014.

Desember- og orlofsuppbót:

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið, sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 39.500.

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða:

Frá 1. febrúar 2014 hækki framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða um 0,1%.

3. gr.

Kjarasamningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki aðildarfélaga SGS (utan Flóabandalagsins) og stjórnar NPA-miðstöðvarinnar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 28. mars 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 19. mars 2014

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
Með fyrirvara um samþykki félagsmanna



F.h. NPA miðstöðvar



Guðlaugur Astur Ásmundsson
KE 100170-0402



Starfsgreinasamband
Íslands



Fylgiskjal 1

Launataxtar í gildi frá 1. febrúar 2014

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	tórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaur	235.750	1.370,64	2.448,26	3.241,56	452,31	753,85	1.233,58	226,16	376,93
1 ár, í st.gr.	242.823	1.411,76	2.521,71	3.338,81	465,88	776,47	1.270,58	232,94	388,23
3 ár, í st.gr.	250.107	1.454,11	2.597,36	3.438,97	479,86	799,76	1.308,70	239,93	399,88
5 ár, í st.gr.	257.610	1.497,73	2.675,28	3.542,14	494,25	823,75	1.347,96	247,13	411,88
7 ár, í st.gr.	265.339	1.542,67	2.755,54	3.648,41	509,08	848,47	1.388,40	254,54	424,23

Ásdís Jónsdóttir
Stjórniingur